

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga,
nr. 80/2016 (afturköllun alþjóðlegrar verndar).

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá dómsmálaráðuneyti, FTA – félagi talsmanna umsækjenda um alþjóðlega vernd, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Vinstri-hreyfingunni – grænu framboði, Íslandsdeild Amnesty International, kærunefnd útlendinga-mála, embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og ÖBÍ réttindasamtökum.

Nefndinni bárust níu umsagnir auk tveggja minnisblaða, annars vegar frá dómsmálaráðu-neyti og hins vegar frá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Gögnin eru aðgengileg undir málinu á vef Alþingis.

Með frumvarpinu er m.a. lagt til að heimilt verði að afturkalla alþjóðlega vernd útlendinga þegar viðkomandi hefur framið sérstaklega alvarlegt afbrot eða ógnar öryggi ríkisins. Þá er lagt til að fella brottreglu 2. mgr. 74. gr. laganna þar sem heimiluð er veiting dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða hafi útlendingur ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórn-sýslustigi innan lögbundinna tímamarka eftir að hann sótti um alþjóðlega vernd.

Umfjöllun nefndarinnar.

Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu er kveðið á um breytingar sem eru liður í því að samræma lög um útlendinga við löggjöf í öðrum Evrópuríkjum, einkum á Norðurlöndunum, en einnig innan Evrópusambandsins. Ísland er aðili að ýmsum þjóðréttarsamningum sem varða málefni útlendinga og réttarstöðu þeirra og telur meiri hlutinn mikilvægt að tekið hafið verið tillit til þeirra skuldbindinga við vinnslu frumvarpsins. Þá ber löggjafanum ávallt að meta hvort lagasetning rúmist innan marka stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, má engan beita pyndingum né annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi með-ferð eða refsingu. Í 3. gr. mannréttindasáttmálans felst sú grundvallarregla að ríkjum er óheimilt að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu og er þessi regla ófrávíkjanleg. Ákvæðið veitir enn ríkari rétt gegn brottvísun en á grundvelli 1. mgr. 32. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna frá árinu 1951 (hér eftir flóttamannasamningurinn) en samkvæmt því ákvæði skulu aðildarríkin ekki víkja úr landi flóttamanni, sem dvelur löglega í löndum þeirra, nema vegna öryggis landsins eða allsherjarreglu. Í 33. gr. samningsins er kveðið á um bann gegn brottvísun og endursend-ingu en þar segir í 2. mgr. að flóttamaður geti ekki krafist þess að njóta góðs af ákvæðinu ef skynsamlegar ástæður eru til að álíta hann hættulegan öryggi landsins sem hann dvelur í eða ef hann er talinn hættulegur þjóðfélaginu vegna þess að hann hefur með endanlegum dómi verið dæmdur sekur um mjög alvarlegan glæp. Með frumvarpinu verður ekki vikið frá þeirri

meginreglu þjóðaréttar að óheimilt sé að senda einstakling til svæðis þar sem hann hefur ástæðu til að óttast ofsóknir, er í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem er jafnframt lögfest í 1. mgr. 42. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.

Líkt og fram kemur í greinargerð verður ekki talið að ákvæði frumvarpsins fari í bága við stjórnarskrá né mannréttindasáttmála Evrópu og tekur meiri hlutinn undir það. Í eftirfarandi köflum verður þó fjallað nánar um samspil tiltekinna ákvæða frumvarpsins við alþjóðlegar skuldbindingar, einkum flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna, og lagðar til tilteknar breytingar vegna þessa.

Útilokunarástæður fyrir alþjóðlegri vernd (1. gr.).

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga um útlendinga hefur flóttamaður skv. 37. gr., sem er hér á landi eða kemur hér að landi samkvæmt umsókn, rétt til að fá hér alþjóðlega vernd. Ákvæði 2. mgr. 40. gr. mælir þó fyrir um tilteknar útilokunarástæður fyrir alþjóðlegri vernd. Í c- og d-lið 2. mgr. er kveðið á um slíkar takmarkanir, annars vegar ef ástæða er til að álíta viðkomandi hættulegan öryggi ríkisins, eða hafi hann hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu, og hins vegar ef viðkomandi flóttamaður hefur yfirgefið heimaland sitt eða land þar sem hann hafði síðast fasta búsetu í þeim eina tilgangi að komast hjá refsingu fyrir brot sem geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt íslenskum hegningarlögum. Samkvæmt gildandi lögum eiga framangreindar útilokunarástæður aðeins við um flóttamann skv. 2. mgr. 37. gr. laganna, þ.e. um þá sem eiga rétt á viðbótarvernd. Með frumvarpinu er lagt til að því verði breytt, svo að þessar takmarkanir eigi við um alla umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Í umsögnum, m.a. frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Félagi talsmanna umsækjenda um alþjóðlega vernd, eru gerðar athugasemdir við þessa breytingu. Því er haldið fram að ef ákvæðið verði óbreytt að lögum og þessum útilokunarástæðum beitt um aðra en þá sem eiga rétt á viðbótarvernd verði farið út fyrir þær heimildir sem flóttamannasamningurinn kveður á um. Þannig er vísað til þess að 2. mgr. 33. gr. flóttamannasamningsins geri ekki ráð fyrir að ákvæðið veiti heimild til þess að synja flóttamanni um alþjóðlega vernd vegna þeirra aðstæðna sem þar eru nefndar.

Með tilliti til framangreinds áréttar meiri hlutinn að með frumvarpinu sé horft til þess að samræma íslensk lög um útlendinga við löggjöf í öðrum Evrópuríkjum, m.a. reglugerð Evrópusambandsins (ESB 2024/1347) um lágmarksskilyrði til að ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar teljist flóttamenn eða menn sem að öðru leyti þarfnast alþjóðlegrar verndar, en í 14. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um tilteknar útilokunarástæður, sbr. d- og e-lið ákvæðisins. Líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu er Ísland, sem þátttakandi í Schengen-samstarfinu, ekki skuldbundið af heildarstefnu Evrópusambandsins í útlendingamálum og almennum málsmeðferðarreglum sambandsins er varða alþjóðlega vernd. Þó kemur einnig fram að við vinnslu frumvarpsins hafi verið tekið mið af regluverki Evrópusambandsins enda mikilvægt að löggjöfin hér á landi samræmist löggjöf nágranna-ríkja.

Meiri hlutinn telur brýnt að unnt sé að bregðast við með því að útiloka að einstaklingur eigi rétt á alþjóðlegri vernd þegar gildar ástæður eru til að álíta viðkomandi hættulegan öryggi ríkisins eða hafi hann hlotið endanlegan dóm fyrir sérstaklega alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í minnisblaði dómsmálaráðuneytis, dags. 20. maí 2025, um að það sé lágmarksskilyrði að þeir einstaklingar sem leita skjóls hér á landi viðhafi ekki háttsemi sem fer í bága við

grundvallarhagsmuni samfélagsins. Þá undirstrikar meiri hlutinn að með breytingunni verði ekki vikið frá þeirri meginreglu þjóðaréttar að brottvísa ekki einstaklingum til ríkja þar sem þeir hafa ástæðu til að óttast ofsóknir eða eru í yfirvofandi hættu á að láta lífið eða verða fyrir ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Komi slík staða upp hjá einstaklingi sem er útilokaður frá alþjóðlegri vernd verði viðkomandi ekki brottvísað frá landinu á meðan aðstæður eru þess eðlis en aftur á móti muni íslensk stjórnvöld ekki veita viðkomandi einstaklingi alþjóðlega vernd með öllum þeim réttindum sem því fylgja heldur nýja tegund dvalarleyfis vegna umborinnar dvalar. Meiri hlutinn telur aftur á móti tilefni til að skoða nánar útvíkkun á d-lið 2. mgr. 40. gr. laganna og leggur til breytingu hvað það varðar sem gerð verður nánari grein fyrir í kafla um breytingartillögur meiri hlutans.

Afturköllun alþjóðlegrar verndar (3. gr.).

Með frumvarpinu er einnig lagt til að heimilt verði að afturkalla alþjóðlega vernd ef gildar ástæður eru til að álíta viðkomandi hættulegan öryggi ríkisins eða ef hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir sérstaklega alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er Ísland eina Norðurlandþjóðin sem heimilar ekki afturköllun alþjóðlegrar verndar þegar viðkomandi hefur framið sérstaklega alvarlegt afbrot eða telst ógn við öryggi ríkisins. Ákvæði frumvarpsins tekur mið af löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum og nýsamþykktu regluverki Evrópusambandsins um verndarmál sem tekur gildi í júní 2026. Skv. d- og e-lið 14. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347 verða ríki innan Evrópusambandsins nú skuldbundin til að afturkalla alþjóðlega vernd þegar málefnalegar ástæður eru til að líta svo á að ríkisborgari þriðja lands eða einstaklingur án ríkisfangs sé ógn við öryggi þess aðildarríkis þar sem viðkomandi er staddur eða þegar ríkisborgari þriðja lands eða einstaklingur án ríkisfangs hlýtur endanlegan dóm fyrir sérstaklega alvarlegan glæp og samfélaginu í því aðildarríki þar sem viðkomandi er staddur telst stafa hætta af honum.

Fyrir nefndinni var fjallað um skilgreiningu á hugtökunum „sérstaklega alvarlegt brot“ og „ógn við öryggi ríkisins“, einkum í samhengi við það hvort tiltaka eigi hvaða brot geti fallið undir ákvæðið eða hvort skynsamlegt væri að tilgreina lágmarksrefsiramma. Í þessu samhengi benti kærunefnd útlendingamála á það í umsögn sinni að það séu takmarkaðar skýringar á því hvaða brot skuli falla undir ákvæðið og því hvað teljist til gildra ástæðna til að álíta einstakling hættulegan öryggi ríkisins. Í greinargerð er að finna nánari skýringar en þar kemur fram að með sérstaklega alvarlegu broti sé m.a. átt við alvarlegt eða að öðru leyti gróft brot, eða tilraun til brots, svo sem manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, frelsissviptingarbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða önnur almannahættubrot, rán og skipulagðá brotastarfsemi. Almennt myndu skilorðsbundnir dómar ekki falla undir hugtakið. Í minnisblaði dómsmálaráðuneytis, dags. 20. maí 2025, kemur fram að ákvæðið veiti stjórnvöldum ákveðið svigrúm til mats og ekki sé talið skynsamlegt að kveða með tæmandi hætti á um tiltekna brotaflokkar við afmörkun á hugtakinu. Í minnisblaðinu kom þá jafnframt fram um hugtakið „öryggi ríkisins“ að það væri ekki skilgreint sérstaklega í íslenskri löggjöf en eðli máls samkvæmt væri það á hendi löggæsluyfirvalda að meta hvað félli þar undir, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 191/2012.

Fyrir nefndinni var einnig fjallað um það hvort heimild til afturköllunar alþjóðlegrar verndar og brottvísunar frá landinu fæli í sér tvöfalda refsingu. Í minnisblaði dómsmálaráðuneytis er bent á að Mannréttindadómstóll Evrópu hafi í dómaframkvæmd vísað til þess að brottvísun einstaklings frá ríki í kjölfar afbrots brjóti ekki gegn banni við tvöfaldri refsingu,

sbr. 4. gr. samningsviðauka nr. 7 við mannréttindasáttmála Evrópu. Með vísan til þessa telur meiri hlutinn liggja fyrir að ekki sé um tvöfalda refsingu að ræða.

Þá var í umsögnum bent á að gera þurfi greinarmun á ólíkum tegundum afturköllunar alþjóðlegrar verndar í skilningi laganna. Samkvæmt skilgreiningu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna er á ensku vísað til mismunandi ástæðna afturköllunar, þ.e. „revocation“ eða afturköllunar, „cessation“ breyttrar stöðu og „cancellation“ sem á við í tilvikum þar sem upphaflega hefði ekki átt að veita alþjóðlega vernd. Í því samhengi bendir kærufnd útlandingamála m.a. á í umsögn sinni að ástæða gæti verið til að taka til heildstæðrar endurskoðunar hvaða ástæður geta leitt til útilokunar frá alþjóðlegri vernd sé ætlunin að samræma íslenska löggjöf við löggjöf nágrannalanda og vísar í því samhengi til framsetningar og útfærslu í regluverki Evrópusambandsins. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið enda eru mismunandi forsendur afturköllunar ekki skilgreindar á sama hátt í gildandi lögum en það kunni að auka skýrleika. Meiri hlutinn telur tilefni til að taka þetta atriði til nánari skoðunar við frekari endurskoðun á lögum um útlinga, nr. 80/2016.

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða vegna lögbundinna tímamarka.

Í 2. mgr. 74. gr. laga um útlinga er kveðið á um heimild til veitingar dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða hafi útlingur ekki fengið niðurstöðu í máli sínu á stjórn-sýslustigi innan lögbundinna tímamarka eftir að hafa sótt um alþjóðlega vernd. Skilyrði fyrir því að einstaklingur fái dvalarleyfi á grundvelli ákvæðisins er að það hafi verið skorið úr um að viðkomandi uppfylli ekki skilyrði til að fá útgefna alþjóðlega vernd. Þeir einstaklingar sem hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli heimildarinnar eru því ekki flóttamenn í skilningi laganna. Frumvarpið kveður á um að fella brott umrætt ákvæði.

Í umsögnum og fyrir nefndinni voru gerðar alvarlegar athugasemdir við þessa breytingu m.a. með vísan til þess að ákvæðið veiti stjórnvöldum mikilvægt aðhald og stuðli að skilvirkni í málsmeðferð. Meiri hlutinn bendir á að slíka reglu sé ekki að finna annars staðar á Norðurlöndunum og að það hafi valdið auknu álagi á framkvæmd í málaflokknum að hafa séríslenska málsmeðferðarreglu sem skeri sig frá nágrannaríkjum. Í þessu samhengi áréttar meiri hlutinn að á grundvelli málshraðareglu 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, skulu ákvarðanir í málum teknar svo fljótt sem unnt er. Þá er kveðið á um það í 4. mgr. 23. gr. laga um útlinga að umsóknum skv. 37. og 39. gr. laganna skuli svarað innan 18 mánaða. Stjórnvöld hafa áfram hag af því að vinna mál eins fljótt og unnt er og ber þeim skylda til þess samkvæmt framangreindum ákvæðum. Fjöldi umsókna um alþjóðlega vernd hafi skapað mikið álag bæði fyrir Útlendingastofnun og kærufnd útlandingamála sem meiri hlutinn telur mikilvægt að bregðast við. Það hafi haft áhrif á allan málsmeðferðartíma sem hafi leitt til þess að fjöldi mála hafi fallið á tíma á grundvelli 2. mgr. 74. gr. laga um útlinga og einstaklingar þá hlotið dvalarleyfi án þess að teljast flóttamenn. Þá megi vænta þess að breytingin leiði til lækkunar á útgjöldum í þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Meiri hlutinn telur rétt að tilgreina að flóttamannakerfið er neyðarkerfi og mikilvægt að tryggja að einstaklingar sem hingað leita og þarfnast verndar fái vandaða og skilvirka málsmeðferð. Loks telur meiri hlutinn sanngjarnt og eðlilegt að tekið sé tillit til umsókna sem hafi náð tímamörkum 2. mgr. 74. gr. við gildistöku laganna og að þær umsóknir fái skoðun hjá stjórnvöldum á grundvelli ákvæðisins þrátt fyrir að það sé fellt brott úr lögunum.

Endurnýjun dvalarleyfis skv. 74. gr. laga um útlendinga.

Dvalarleyfi skv. 74. gr. eru veitt til eins árs í senn en með frumvarpinu er brugðist við stöðu þeirra einstaklinga sem hefðu óskað eftir endurnýjun dvalarleyfis á grundvelli 5. mgr. 74. gr. með því að kveða á um það í ákvæði til bráðabirgða að heimila hópi dvalarleyfishafa að fá útgefið dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið, sbr. 78. gr. laganna, að uppfylltum nánari skilyrðum, m.a. um trygga framfærslu.

Meiri hlutinn telur eðlilegt að til staðar sé heimild fyrir veitingu dvalarleyfis skv. 78. gr. fyrir einstaklinga sem hafa þegar hlotið dvalarleyfi á grundvelli 2. mgr. 74. gr. og eru ekki flóttamenn í skilningi laganna en eiga þá kost á að fá dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið að uppfylltum tilgreindum skilyrðum. Meiri hlutinn ítrekar að ákvæðinu yrði ekki beitt ef viðkomandi er með ólokin mál í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi eða afplánar fangelsisrefsingu eða bíður afplánunar.

Dvalarleyfi vegna umborinnar dvalar (6. gr.).

Með frumvarpinu er kveðið á um nýjan dvalarleyfisflokk, svokallað dvalarleyfi vegna umborinnar dvalar. Það nær til þeirra sem annaðhvort njóta ekki stöðu flóttamanns eða alþjóðleg vernd hefur verið afturkölluð hjá viðkomandi en aðstæður í heimaríki koma í veg fyrir brottvísun. Í framkvæmd taka stjórnvöld í slíkum tilvikum ákvörðun um brottvísun og endurkomubann en fresta réttaráhrifum ákvörðunarinnar tímabundið á grundvelli 42. gr. laganna, um bann við því að vísa fólki brott eða endursenda þangað sem líf þess eða frelsi kanna að vera í hættu, og veita viðkomandi dvalarleyfi vegna umborinnar dvalar. Líkt og rakið er í greinargerð verður einstaklingum í þessari stöðu óheimilt að fá dvalarleyfi á öðrum grundvelli þar sem grunnskilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis er að ekki liggi fyrir atvik sem valdið geta því að viðkomandi verði meinuoð landganga hér á landi eða dvöl samkvæmt öðrum ákvæðum laganna, sbr. d-lið 1. mgr. 55. gr.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að bregðast við stöðu þeirra sem njóta ekki stöðu flóttamanns hér á landi en er þó ekki hægt að brottvísa með vísan til 42. gr. laganna. Þá áréttar meiri hlutinn að skv. 11. gr. frumvarpsins verði heimilt að gefa út atvinnuleyfi til einstaklinga sem eiga rétt á dvalarleyfi vegna umborinnar dvalar. Þeir einstaklingar ættu þá almennt kost á því að fá tímabundið atvinnuleyfi á meðan ekki væri unnt að brottvísa viðkomandi til heimaríkis vegna aðstæðna þar.

Breytingartillögur.

Útilokunarástæður fyrir alþjóðlegri vernd (d-liður 1. gr.).

Líkt og að framan er rakið eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á 40. gr. laga um útlendinga varðandi að útvíkka c- og d-lið 2. mgr. ákvæðisins sem kveða á um útilokunarástæður fyrir alþjóðlegri vernd þannig að þær nái til allra umsækjanda, en ekki eingöngu þeirra sem eiga rétt á viðbótarvernd skv. 2. mgr. 37. gr. Fyrir nefndinni voru gerðar athugasemdir við þessar breytingar og vísað til þess að með þeim verði farið út fyrir þær heimildir sem flóttamannasamningurinn kveður á um. Meiri hlutinn fjallaði um það hvaða áhrif þessi breyting hefði, einkum d-liður ákvæðisins sem varðar það að komast hjá refsingu í öðru landi fyrir brot sem varða fangelsisrefsingu samkvæmt íslenskum hegningarlögum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að afturkalla alþjóðlega vernd ef gildar ástæður eru til að álíta viðkomandi hættulegan öryggi ríkisins eða hann hefur hlotið endanlegan dóm fyrir sérstaklega alvarlegt afbrot og er af þeim sökum hættulegur samfélaginu. Ákvæðið er samhljóða c-lið 2. mgr. 40. gr. sem mælir fyrir um útilokunarástæður fyrir alþjóðlegri vernd og telur meiri hlutinn að gæta þurfi að samræmi við markmið og tilgang þeirra breyt-

inga svo að ekki komi upp sú staða að það verði óhjákvæmilegt að veita einstaklingi vernd sem yrði síðan afturkölluð vegna framangreindra ástæðna.

Meiri hlutinn telur jafnframt mikilvægt að taka tillit til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist og leggur í því skyni til breytingu á 1. gr. frumvarpsins um að d-liður 2. mgr. 40. gr. laganna standi óbreyttur, sem varðar útilokunarástæður þegar viðkomandi hefur yfirgefið heimaland sitt eða land þar sem hann hafði síðast búsetu í þeim eina tilgangi að komast hjá refsingu fyrir brot sem varða fangelsisrefsingu. Meiri hlutinn leggur til að fallið verði frá því að útvíkka ákvæði d-liðar þannig að það taki til allra umsækjenda um alþjóðlega vernd og telur meiri hlutinn það jafnframt koma betur til móts við sjónarmið Flóttamannastofnunar.

Dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða við afturköllun alþjóðlegrar verndar.

Samkvæmt 2. málsl. 4. mgr. 48. gr. laga um útlendinga ber stjórnvöldum við afturköllun alþjóðlegrar verndar að taka til athugunar hvort veita eigi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr., en með frumvarpinu er lagt til að fella brott þá skyldu stjórnvalda.

Umsagnaraðilar gerðu athugasemdir við þessa breytingu. Í umsögn Íslandsdeildar Amnesty International kom til að mynda fram að einstaklingur sem fellur ekki undir skilgreiningu sem flóttamaður geti engu að síður haft ríkulega þörf fyrir vernd en með þessari breytingu væri sá varnagli fjarlægður án frekari skoðunar á sérstökum aðstæðum viðkomandi einstaklinga. Mannréttindaskrifstofa Íslands benti á að breytingin þarfnæðist nánari rökstuðnings og skýringa og eru sérstaklega gerðar athugasemdir við að breytingin taki til allra tilvika, óháð grundvelli afturköllunar. Auk þessa kemur fram í umsögn ÖBÍ réttindasamtaka að vernd sem er veitt á grundvelli 74. gr. laganna sé mjög mikilvæg fólki í viðkvæmri stöðu og eigi það ekki síst við um fatlað fólk þar sem leyfið kann m.a. að vera veitt þegar einstaklingur hefur ríka þörf fyrir vernd af heilsufarsástæðum og vegna erfiðra félagslegra aðstæðna.

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu fyrir nefndinni um mikilvægi þess að áfram verði unnt að taka til athugunar hvort veita eigi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. laganna, einkum í tilvikum þar sem vernd fellur niður vegna þess að aðstæður hafa breyst í heimalandi en einstaklingurinn sjálfur hefur ekkert til saka unnið sem leiðir til þess að verndin falli niður. Í minnisblaði dómsmálaráðuneytis, dags. 20. maí 2025, kemur fram að þegar Útlendingastofnun er með til skoðunar afturköllun alþjóðlegrar verndar á grundvelli breytts mats á aðstæðum í heimaríki er viðkomandi einstaklingi almennt leiðbeint um aðra dvalarleyfismöguleika hér á landi, t.d. á grundvelli sérstakra tengsla við landið sbr. 78. gr. laganna, eða á grundvelli atvinnuþátttöku, sbr. VI. kafla laganna. Meiri hlutinn telur mikilvægt að hægt verði að bregðast við í þeim tilvikum þar sem m.a. geti verið um að ræða fólk í viðkvæmri stöðu sem ekki er víst að geti uppfyllt önnur skilyrði til dvalarleyfis. Meiri hlutinn leggur því til breytingu þess efnis að stjórnvöldum beri áfram að taka afstöðu til þess hvort veita eigi dvalarleyfi vegna mannúðarsjónarmiða þegar alþjóðleg vernd er afturkölluð á grundvelli e- eða f-liðar 1. mgr. 48. gr. sem varða breytt mat á aðstæðum í heimaríki. Slík lagaskylda myndi þó ekki eiga við þegar vernd er afturkölluð skv. a–d-liðum 1. mgr. 48. gr. en þau ákvæði varða m.a. tilvik þar sem einstaklingur hefur ferðast sjálfviljugur til heimaríkis.

Aðrar breytingar.

Þá leggur meiri hlutinn til tvær breytingar sem eru tæknilegs eðlis. Annars vegar breytt orðalag og hins vegar breytingu sem er ætlað að fella brott tilvísun í 2. mgr. 74. gr. í 2. mgr. 35. gr. a laga um útlendinga sem varðar endurteknar umsóknir, í ljósi þess að fyrirhugað er að fella ákvæðið brott skv. a-lið 4. gr. frumvarpsins.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
 2. málsl. 2. mgr. 35. gr. a laganna fellur brott.
2. Í stað tilvísunarinnar „c- og d-lið“ í a-lið 1. gr. komi: c-lið.
3. Við 3. gr.
 - a. Í stað orðsins „hann“ í fyrra skipti í a-lið komi: útlending.
 - b. Við b-lið bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Við afturköllun alþjóðlegrar verndar skv. e- eða f-lið 1. mgr. skal stjórnvald taka til athugunar hvort veita eigi dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr.

Guðmundur Ari Sigurjónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en ritar undir álitíð samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. þingskapa.

Alþingi, 20. júní 2025.

Víðir Reynisson,
form.

Grímur Grímsson,
frsm.

Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Heiða Ingimarsdóttir.

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir.